



Erindi til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

Flateyri, 21. ágúst 2019

***Vísað er til bréfs Lýðskólans á Flateyri til Ísafjarðarbæjar dags. 24. apríl 2019.***

Lýðskólinn á Flateyri óskar eftir því að gengið verði til samninga milli aðila á sama grunni og samningur síðasta árs byggir á sbr. framangreint erindi.

Ástæða þess er að skólinn er enn í mótun og hefur ekki tekist að komast að fullu á fjárlög eins og stefnt hafði verið að fyrir komandi skólaár. Í sumar voru ný lög um Lýðskóla samþykkt frá alþingi og bíðum við nú eftir því að ráðuneyti mennta- og menningarmála gefi út reglugerð og gangi til samninga við skólann um rekstur hans til framtíðar. Gera má ráð fyrir því að slík vinna muni vara fram á mitt skólaár hið minnsta, og skólinn þurfi því að bíða nokkuð enn eftir því að framtíðin verði tryggð með aðkomu ríkisins í formi fjárframlaga sem tryggð verða til framtíðar.

Með vinsemd og virðingu

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Skólastjóri Lýðskólans á Flateyri

[skolastjori@lydflat.is](mailto:skolastjori@lydflat.is)

S: 699 7535